

sorphirðu. Annan flutning á vegum einstaklinga og fyrirtækja á þar til atlað móttökusvæði Fellahrepps, skal framkvæma eftir fyrirmælum sveitarstjórnar og heilbrigðisnefndar (-fulltrúa) og fulls þrifnaðar gætt.

7. gr.

Almenn sorphirða venjulegs húsasorps greiðist af sveitarsjóði, þó skal sveitarstjórn heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald í gjaldskrá, sem umhverfisráðherra staðfestir. Sorphirðugjald innheimtist af íbúðum í þéttbýli sem njóta ofangreindrar þjónustu. Njóti íbúar í dreifbýli sorphirðuþjónustu þá greiði þeir samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnar í samræmi við veitta þjónustu.

8. gr.

Hafi húsráðandi fram að færa kvörtun vegna sorphirðunnar, skal hann koma slíkri kvörtun til hreppsnefndar Fellahrepps eða heilbrigðisnefndar(-fulltrúa).

9. gr.

Brjóti húsráðandi ákvæði samþykktar þessarar um meðferð og geymslu sorps skulu sorphirðumenn tilkynna það sveitarstjórn eða heilbrigðisfulltrúa, sem hlutast þá til um að úr verði bætt. Sorphirðumönnum skal óheimilt að hnýsast í sorppoka eða hirða úr þeim.

10. gr.

Með brot á samþykkt þessari skal farið samkv. lögum nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

11. gr.

Ofangreind samþykkt hreppsnefndar Fellahrepps er hér með staðfest samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit og öðlast gildi þegar í stað.

Umhverfisráðuneytið, 16. maí 1991.

Eiður Guðnason.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu í Fellahreppi í Norður-Múlasýslu árið 1991.

1. gr.

Upphæð sorphirðugjalds í Fellahreppi (þéttbýli) fyrir árið 1991 skal vera kr. 3 900 skv. 7. gr. samþykktar um sorphreinsun frá 9. janúar 1991. Gjaldið skal innheimtast með fasteignagjöldum.

2. gr.

Ofangreind samþykkt hreppsnefndar Fellahrepps er hér með staðfest skv. lögum nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit og gildir frá 1. janúar 1991.

Umhverfisráðuneytið, 16. maí 1991.

Eiður Guðnason.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.